

Rithöfundasamband Íslands setur eftirfarandi reglur til leiðbeiningar fyrir þá sem standa að samkeppni um bókmenntaverk:

## **1. Auglýsingar og kynningar**

Í auglýsingum og kynningum á bókmenntasamkeppni skal skýrt tekið fram hvernig og hvenær handritum eða keppnisgögnum skal komið til skila og hverjir skipi dómnefnd. Þar skal einnig kveðið á um verðlaunafé og fjölda verðlauna. Ef áskilinn er réttur til að veita engin verðlaun eða fækka þeim skal það tekið sérstaklega fram. Einnig skal auglýsa það sérstaklega ef ekki á að skila þeim gögnum sem send eru í keppnina eða hvernig hægt verði að nálgast innsend keppnisgögn eftir að dómnefnd hefur lokið störfum. Forgangsréttur til útgáfu eða birtingar verðlaunaverka skal einnig tilgreindur.

## **2. Meðferð keppnisgagna**

Öll meðferð keppnisgagna sé hin vandaðasta og umslög með upplýsingum um nöfn keppenda geymd hjá viðkomandi sýslumanni á meðan dómnefnd starfar. Aðeins skulu opnuð þau umslög sem tengjast vinningshöfum.

## **3. Dómnefndir**

Dómnefnd skal skipa áður en keppni er auglýst og henni kynntar keppnisreglur, skilafrestur, upphæð verðlauna og þess háttar. Dómnefndir skulu að jafnaði vera þannig skipaðar: Einn af þremur dómnefndarmönnum skal tilnefndur af viðkomandi fagfélagi/stéttarfélagi, einn skal tilnefndur af bókmenntastofnun og einn af þeim sem fyrir keppninni stendur. Ef dómnefnd telur fimm skulu tveir tilnefndir af viðkomandi fagfélagi/stéttarfélagi, einn af bókmenntastofnun og tveir af þeim sem fyrir keppninni stendur.

## **4. Verðlaunafé, úrslit og afhending verðlauna**

Dómnefnd ber að gæta þess að verðlaunafé sé hæfilegt, það rýrni ekki á þeim tíma sem keppnin stendur yfir og sé ávallt til viðbótar höfundargreiðslum. Dómnefnd skal í samráði við þá sem að keppninni standa sjá til þess að kynning á úrslitum og verðlaunaveiting sé með viðeigandi hætti.

## **5. Samningar um útgáfu eða birtingu**

Dómnefnd fylgi því jafnan eftir að gerðir séu samningar um útgáfu eða birtingu verðlaunaverka eigi síðar en fjórum vikum eftir að úrslit eru kunngerð.